

Ed.

521. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 46 8. sept. 1931, um fiskimat.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

1. gr. laga nr. 46 8. sept. 1931 orðist svo sem hér segir:

Allur verkaður og óverkaður saltfiskur, sem út er fluttur héðan af landi sem islenskur fiskur, skal metinn og flokkaður eftir gæðum af fiskimatsmönnum undir umsjón yfirfiskimatsmanns.

Undanskildar eru þó smásendingar, 100 kg. eða minni, sem sendar eru í tilraunaskyni eða að gjöf.

Saltfisk, sem veiðiskip flytja sjálf til útlanda, er eigi skylt að meta, enda hafi fiskurinn eigi verið lagður hér á land.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið getur veitt undanþágu frá mati þegar svo stendur á, að saltaðan fisk á að senda út í því skyni að afla nýs markaðs eða um er að ræða vöru, sem er frábrugðin venjulegum saltfiski, svo að líklegt sé, að matsmenn skorti þekkingu til að meta gæði hennar. Slika undanþágu skal þá veita eftir tillögu fiskimatsstjóra, og aðeins um stundarsakir, meðan útflutningurinn er á tilraunastigi, og með skilyrðum, sem hæfileg þykja í hvert sinn.

Áður en verkaður eða óverkaður saltfiskur gengur kaupum og sölum innanlands, skal meta hann og flokka eftir gæðum, ef hann er ætlaður til útflutnings. Matsmenn skera úr, hvenær óverkaður saltfiskur er matshæfur.

Yfirfiskimatsmennirnir skulu einnig hafa umsjón með útskipun, hleðslu og meðferð fiskjarins í útflutningsskipunum og gefa fyrirskipanir hér að lútandi, sem þeim er skylt að hlýða, sem hlut eiga að máli.

Hverri matsskyldri fisksendingu til útlanda skal fylgja vottorð yfirfiskimatsmanns, ritað aftan á farmskirteinið.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið getur skyldað eigendur fiskgeymslu- og fiskverkunarhúsa til þess að hreinsa húsin og fiskverkunaráhöld árlega úr gerlaeyðandi efnum. Ríkið leggur þá til hið gerlaeyðandi efni, en húseigendur kosta hreinsunina að öðru leyti. Yfirfiskimatsmenn leiðbeini við hreinsunina og hafi eftirlit með henni.

Fyllri fyrirmæli um mat og meðferð vörunnar, bæði við útflutning og í útflutningsskipunum, skulu sett í erindisbréf og reglugerð, sem atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið gefur út.

2. gr.

3., 4. og 5. málsgr. 2. gr. laganna falli niður. Í þeirra stað komi ný málsgr., svo hljóðandi:

Til þess að tryggja sem bezt samræmi fiskimatsins í landinu skal fiskimatsstjóri halda fundi með yfirfiskimatsmönnum svo oft sem þurfa þykir. Auk þeirra skal fiskifulltrúi Íslands á Spáni sækja fundi þessa, þegar því verður við komið, og láta í té aðstoð sína.